



Hörgársveit

Fréttabréf

26. maí 2015 6. árgangur 5. tölublað

Ágætu sveitungar

Leikskólinn Álfasteinn verður 20 ára þann 5. júní nk. og af því tilefni viljum við bjóða öllum sveitungum í afmælisveislu milli kl. 10:00 og 12:00 þann dag.

Með bestu kveðju og von um að sjá sem flesta.

Starfsfólk og börn á Álfasteini

Sundlaugin á Pelamörk, Jónasarlaug

Sumaropnun hefst fimmtudaginn 4. júní.

Opið: Sunnudaga til fimmtudaga 11.00 til 22.00

Föstudaga og laugardaga 11.00 til 18.00.

Fundur Norðurorku hf. og Hörgársveitar

Fimmtudaginn 11. júní n.k. kl. 20:00 í Hlíðarbæ

Dagskrá:

- 1. Vatnsvernd og vatnsverndarsvæði*
- 2. Sérstaða vatnsverndarsvæða þar sem ólík starfsemi er innan svæðanna*
- 3. Samstarfsverkefni Samorku og Neyðarlínunar 112*
- 4. Fyrirspurnir og umræður*

Íbúar Hörgársveitar eru hvattir til að mæta

Árshátíð félaganna 2015 verður 31. október

Núna geta allir farið að hlakka til og tekið daginn frá.

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Pelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

58. fundur fimmtudaginn 21. maí 2015

Fundarmenn: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir og Jón Þór Benediktsson,

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Flugklasinn Air 66N

Í upphafi fundar mætti Hjalti Páll Þórarinsson og kynnti fyrir sveitarstjórninni verkefnið Flugklasinn Air 66N en markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Fyrir hönd klasans er óskað etir að sveitarfélagið hafi aðkomu að verkefninu með fjárframlagi. *Sveitarstjórn samþykkti að veita til verkefnisins kr. 300 á íbúa vegna ársins 2015.*

2. Fundargerð fræðslunefndar 5. maí 2015

Fundargerðin er í sjö liðum. Þar eru fjórir til afgreiðslu sveitarstjórnar

a) Í 2 lið, starfsáætlanir gunn- og leikskóla skólaárið 2015-2016.

Sveitarstjórn samþykkti starfsáætlanir grunn- og leikskóla skólaárið 2015-2016

b) Í 3. lið, skóladvöl næsta ár.

Sveitarstjórn samþykkti að boðið verði uppá skóladvöl í Álfasteini næsta skólaár fyrir börn í 1. og 2. bekk.

c) Í 5 lið, fyrirkomulag námshópa. *Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*

d) Í 7. lið, fyrirhugaðar framkvæmdir við Þelamerkurskóla.

Sveitarstjórn samþykkti að áfram verði unnið að undirbúningi framkvæmda.

3. Fundargerð fræðslunefndar 12. maí 2015

Fundargerðin er í einum lið. Tillaga að breytingu á skóladagatali 2014-2015 – skólaslit.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu skólustjóra um breytingu á skóladagatali 2014-2015.

4. Fundargerð skipulags og umhverfisnefndar 19. maí 2015

Fundargerðin er í 10 liðum. Þar af eru sex liðir til afgreiðslu sveitarstjórnar.

a) Í 2. lið. Deiliskipulag Lóni.

Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið Lóni með óverulegri breytingu á legu vegarins hjá Lóni, sem kynnt hefur verið hlutaðeigandi aðilum.

Þá samþykkti sveitarstjórn að gerð verði breyting á fyrirliggjandi aðalskipulagi og sveitarfélagamörkum í samræmi við fyrirliggjandi gögn með fyrirvara um frekari útfærslu um breytingu á farvegi Lónsár.

b) Í 4 lið. Deiliskipulag Laugalandi

Sveitarstjórn samþykkti að koma aftur af stað vinnu við deiliskipulag Laugalandi.

c) í 5. Lið. Umsókn um stofnun lóðar fyrir frístundahús Ytri-Bakka.

Sveitarstjórn samþykkti að veita heimild til að stofna lóð fyrir frístundahús úr jörðinni Ytri-Bakka skv. framlögðum gögnum.

Jón Þór Benediktsson vék af fundi undir þessum lið.

Í 6 lið. Umsókn um leyfi til að reisa auglýsingaskilti í landi Steinkots

Sveitarstjórn vísar til þess að í gangi er vinna við gerð reglna um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðbirgðahúsnæði ásamt öðru sem þarf stöðuleyfi fyrir og er ráðgert að reglur um auglýsingaskilti falli þar undir.

Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði veitt leyfi til að reisa auglýsingaskilti fyrr en slíkar reglur hafa verið staðfestar.

Í 9. lið. Reglur um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðabirgðahúsnæði.

Sveitarstjórn samþykkti að ákvæði um stöðuleyfi fyrir auglýsingaskilti verði sett inn í reglurnar.

Í 10. lið. Breytt fyrirkomulag á gámasvæði á Akureyri.

Sveitarstjórn samþykkti að leita samkomulags við Gámaþjónustu Norðurlands og Akureyrarbæ um aðgengi íbúa Hörgársveitar að gámasvæðinu.

5. Fundargerð byggingarnefndar Eyjafjarðarsvæðis 21. apríl 2015

Fundargerðin er í þrettán liðum. Tveir liðir varða Hörgársveit. Í 12. lið er umsókn um leyfi fyrir breytingum á 1. hæð Hjalteyrarskóla. Í 13. lið er umsókn um að byggja fjórar verbúðir á lóð við Búðagötu 21-27 á Hjalteyri.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

6. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Fyrir fundinum lá yfirlit frá Lánasjóði sveitarfélaga yfir lánamöguleika og lánakjör hjá Lánasjóðnum. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi sveitarstjórnar í júní.

7. Laugaland, breyting á eignarhaldi

Fyrir fundinum lá minnisblað frá forstjóra Norðurorku um atriði sem gætu orðið samningsgrundvöllur á milli Norðurorku hf. og Hörgársveitar.

Sveitarstjórn samþykkti að vinna áfram að málinu.

8. Vinnuskóli 2015

Fyrir fundinum lá minnisblað með upplýsingum um fjölda í vinnuskólanum og fyrirhugað fyrirkomulag hans.

Sveitarstjórn samþykkti að laun í vinnuskóla sumarið 2015 verði 510 kr./klst. fyrir börn fædd 2001, 565 kr./klst. fyrir börn fædd 2000 og 710 kr./klst. fyrir börn fædd 1999. Orlof er innifalið.

9. Jónasarlundur

Fyrir fundinum á skýrsla frá stjórn Jónasarlundar og yfirlit yfir fjárhag 2014. Þá lá fyrir fundinum afrit af tölvubréfi til Vegagerðarinnar vegna óska um lagfæringu á timburvegriðum og tröppum í lundinum. Loks lágu fyrir fundinum drög að reglugerð fyrir Jónasarlund.

Sveitarstjórn samþykkti að staðfesta reglugerð fyrir Jónasarlund í Öxnadal. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að fela stjórn Jónasarlundar að kanna með áhuga Skógræktarfélags Eyfirðinga varðandi umhirðu í lundinum.

10. Greið leið ehf, aðalfundarboð

Fyrir fundinum lá bréf frá Greiðri leið ehf þar sem boðað er til aðalfundar félagsins 29. maí 2015.

Sveitarstjórn samþykkti að sveitarstjóri fari með umboð Hörgársveitar á fundinum.

11. UMSE samningur við sveitarfélagið.

Fyrir fundinum lá bréf dags. 27. apríl 2015 þar sem óskað er eftir viðræðum við sveitarfélagið um gerð langtímasamnings.

Sveitarstjórn samþykkti að hefja viðræður við fulltrúa UMSE.

12. Erindi frá Guðm. Óskari Guðmundssyni v. Hamars

Fyrir fundinum lá erindi frá Guðm. Óskari Guðmundssyni dags. 21.4. 2015 þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar að nafnið Hamar verði lögfest á eignina 178-648 í landi Ytri-Bægisá 1.

Sveitarstjórn samþykkti að heimila lögfestingu á nafninu Hamar á eignina 178-648.

13. Hagaganga, leyfisveitingar.

Lagt fram yfirlit yfir umsóknir um hagagönguleyfi 2015.

Sveitarstjórn samþykkti að veita leyfi fyrir hagagöngu til eins árs á grundvelli fyrirliggjandi umsókna enda liggi fyrir samþykki viðkomandi landeiganda. Þá liggi fyrir mat fulltrúa Landgræðslu ríkisins á þoli hlutaðeigandi jarða.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. júní 2015 í þelamerkurskóla

Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 12. júní 2015

Söfnun á úrgangstimbri 11.-12. júní 2015

Dagana 11.-12. júní fer fram söfnun á úrgangstimbri. Þeir sem vilja losna við timburafganga þurfa að láta vita í síma 860 6846 fyrir kl. 15:00 10. júní.

Nauðsynlegt er að auðvelt sé að komast að timbrinu með vörubíl og að búið sé að safna því saman á einn stað á hverju býli eða við hverja lóð.

Ekki má blanda öðrum úrgangi saman við timbrið.

Söfnun á brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum

Brotajárni og úr sér gengnum hjólbörðum verður safnað í sumar með svipuðum hætti og síðastliðið sumar. Þeir sem vilja losna við slíkt þurfa að láta vita í síma 860 6846.